

**Stofnanasamningur  
milli  
Veðurstofu Íslands  
og  
Félags íslenskra náttúrufræðinga**

## **1. Gildissvið**

Stofnanasamningur þessi nær til þeirra félagsmanna í Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) sem starfa á Veðurstofu Íslands. Samningurinn er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra eins og hann er á hverjum tíma.

## **2. Markmið**

Aðilar eru sammála um að markmið samnings þessa skuli vera sem hér segir:

- ❖ að hann tryggi sveigjanleika og að ákvarðanir um launaráðun séu teknar með málfnalegum hætti og að jafnræðis sé gætt.
- ❖ að gæta þess að ekki sé launamismunur sem brýtur í bága við mannréttindaákvæði stjórnarskrár.
- ❖ að hann auðveldi stofnuninni að ráða, halda í og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna í nútíð og framtíð.
- ❖ að hvetja til góðs árangurs í starfi og taka mið af árangri einstaklinga og persónubundinni hæfni fremur en hópum við ákvörðun launa og feli í sér tækifæri starfsmanna til framgangs í starfi.
- ❖ að launakerfið sé heilsteyp, gagnsætt, rökrétt og að nægilegur sveigjanleiki sé til þess að bregðast við breyttum ytri og innri aðstæðum.
- ❖ að hann nýtist til að ná fram markmiðum stofnunarinnar og endurspegli skipulag hennar.

Aðilar eru sammála um að eftirfarandi leiðir verði m.a. farnar að þessum markmiðum:

- ❖ að starfsmannasamtöl fari fram árlega, starflýsingar endurskoðaðar og í kjölfar þeirra verði launaráðun skoðuð.
- ❖ að hæfni starfsmanna og sveigjanleiki í störfum verði aukin með markvissri sí- og endurmenntun.

## **3. Röðun**

### *3.1 Almenn atriði*

Ákvörðun launa skal fara fram með hlutlægum hætti og byggjast á starflýsingu auk persónulegra þátta (tímbundnir þættir). Við röðun í störf er miðað við að um viðvarandi eða stöðugt verksvið sé að ræða. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti það er gert, skal hafa fordæmisgildi gagnvart öðrum starfsmönnum svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

H  
J

### *3.2 Flokkun starfa*

Við mat á starfi er tekið tillit til þess hvers starfið krefst. Störf félagsmanna FÍN á Veðurstofunni skiptast í eftirfarandi flokka:

- ❖ Nemi
- ❖ Sérfræðingur
- ❖ Stjórnandi

### *3.3 Starfsheiti*

#### **Nemi**

Starfsmaður sem vinnur undir beinni stjórn annarra og er í háskólanámi sem lýkur með formlegri prófgráðu.

#### **Sérfræðingur**

Sérfræðingur vinnur sjálfstætt að úrlausn verkefna og/eða verkþátta sem krefjast faglegrar hæfni og menntunar. Starfsmaður vinnur að verkþáttum sem eru nánar tilgreindir í grein 3.4.3 en starfið getur falið í sér skipulagningu, umsjón og faglega ábyrgð verkefna, verkstjórn, fagleg samskipti innanlands sem utan, ráðgjöf og skýrslu- og greinarskrif.

#### **Stjórnandi**

Starfsmaður sem er stjórnandi samkvæmt skipuriti og annast störf sem snúa að faglegi og/eða rekstrarlegri stjórnun. Hann stýrir áætlanagerð og stefnumótun að því er varðar þá málaflokka sem hann ber ábyrgð á. Stjórnandi vinnur að verkþáttum sem eru nánar tilgreindir í grein 3.5.2 og í því getur falist stjórnun á starfsemi, mannaforráð, skipulagning verkefnis/a og ábyrgð á framgangi þeirra.

### *3.4 Launafokkar sérfræðinga og nema*

Lægsti mögulegi launaflokkur nema er 2 og sérfræðinga 8.

#### *3.4.1 Laun nema*


Við mat á starfi nema skal meta eftirfarandi yfirþætti til launaflokka, sjá nánar grein 3.4.3:

- Menntun, allt að 6 lfl.
- Aðra starfsbundna þætti, allt að 7 lfl.
- Tímabundna þætti, allt að 6 lfl.

#### *3.4.2 Laun sérfræðinga*

Við mat á starfi sérfræðinga skal meta eftirfarandi yfirþætti til launaflokka, sjá nánar grein 3.4.3:

- Stjórnun, allt að 7 lfl.
- Ábyrgð, allt að 7 lfl.
- Fagleg störf, allt að 7 lfl.
- Menntun, allt að 6 lfl.
- Aðra starfsbundna þætti, allt að 7 lfl.



- Tímabundna þætti, allt að 6 lfl.

Launaflokkar geta aldrei orðið fleiri en í launatöflu FÍN.

### *3.4.3 Sundurliðun yfirþáttu sérfræðinga og nema*

#### *Stjórnun, allt að 7 lfl.*

- Fjárhagsleg ábyrgð
- Áætlanagerð
- Stefnumótun
- Verkefnastjórn/verkstjórn
- Annað tengt stjórnun

#### *Ábyrgð, allt að 7 lfl.*

- Fagleg ábyrgð
- Seta í stjórnum/nefndum
- Stöðvarekstur/vöktun
- Ábyrgð á gögnum
- Ábyrgð á tækjum/búnaði

#### *Fagleg störf, allt að 7 lfl.*

- Skýrslu- og greinaskrif
- Ráðgjöf
- Gagnasöfnun
- Rannsóknir
- Gagnaúrvinnsla/greining
- Gagnamiðlun
- Önnur fagleg störf

#### *Menntun, allt að 6 lfl.*

- |  |                |
|--|----------------|
| • B.S.-próf (honours) eða ígildi þess, 60 ECTS (30 ein. eldra) | 1 launaflokkur |
| • M.S.-próf eða ígildi þess                                    | 2 launaflokkar |
| • Ph.D.-próf eða ígildi þess                                   | 4 launaflokkar |
| • Tvöföld prófgráða  | 1 launaflokkur |
| • Viðbótarmenntun fyrir hverjar 60 ECTS á háskólastigi         | 1 launaflokkur |

#### *Starfsbundnir þættir, allt að 7 lfl.*

- Áreiðanleiki
- Samvinna/samstarf/samskiptahæfni
- Nýsköpun
- Verkskil
- Áhætta
- Aðrir starfsbundnir þættir

### **Tímabundnir þættir, allt að 6 lfl.**

Tímabundnir þættir skiptast í tvennt, annars vegar í persónubundna þætti og hins vegar í starfstengda þætti. Skriflegt samkomulag skal gert um alla tímabundna þætti á þar til gerðu eyðublaði.

#### **Persónubundnir þættir, allt að 3 lfl.**

- Samskipti/samvinna
- Framsækni
- Eftirspurn
- Verkskil
- Aðrir persónubundnir þættir

#### **Starfstengdir þættir, allt að 3 lfl.**

- Átaksverkefni/verkefnastjórn
- Tímabundið álag
- Áhætta
- Aðrir starfsbundnir þættir

Nánar um tímabundna starfsbundna þætti:

Til þess að fá tímabundna starfstengda þætti viðurkennda, þarf í samkomulaginu að koma fram í hverju verkefnið og/eða á lagið felist, auk upphafstíma og loka þess ásamt fjölda launaflokka. Í starfsmannasamtali skal skoða þá tímabundnu samninga sem gerðir hafa verið undanfarin tvö ár og meta hvort þeir þættir sem þar eru metnir eigi að verða varanlegir. Miða skal við að þættir sem hafa verið viðvarandi í tvö ár eða lengur verði hluti af föstum kjörum.

### **3.5. Launaflokkar stjórnenda**

Lægstu mögulegi launaflokkur stjórnenda er 18.

#### **3.5.1 Laun stjórnenda**

Við mat á starfi stjórnenda skal meta eftirfarandi yfirþætti til launaflokka, sjá nánar grein 3.5.2:

- Stjórnun, allt að 18 lfl.
- Fagleg störf, allt að 6 lfl.
- Aðra starfsbundna þætti, allt að 10 lfl.
- Tímabundna þætti, allt að 6 lfl.

Launaflokkar geta aldrei orðið fleiri en í launatöflu FÍN.

#### **3.5.2. Sundurliðun yfirþátta stjórnenda**

##### **Stjórnun, allt að 18 lfl.**

- Fagstjórn
- Fjármál og rekstur
- Mannaforráð
- Stefnumótun/áætlanagerð
- Seta í stjórnum/nefndum



- Verkefnastjórn/verkstjórn

**Fagleg störf, allt að 6 lfl.**

- Greinarskrif og skýrslur
- Ráðgjöf
- Rannsóknir
- Greining
- Verkskil
- Önnur fagleg störf

**Starfsbundnir þættir, allt að 10 lfl.**

- Ákvarðanataka/frumkvæði
- Forysta og stjórnun
- Samvinna
- Tengslamyndun

**Tímabundnir þættir, allt að 6 lfl.**

Tímabundnir þættir skiptast í tvennt, annars vegar í persónubundna þætti og hins vegar í starfstengda þætti. Skriflegt samkomulag skal gert um alla tímabundna þætti á þar til gerðu eyðublaði.

**Persónubundnir þættir, allt að 3 lfl.**

- Samskipti/samvinna
- Framsækni
- Eftirspurn
- Verkskil
- Aðrir persónubundnir þættir

**Starfstengdir þættir, allt að 3 lfl.**

- Átaksverkefni/verkefnastjórn
- Tímabundið álag
- Aðrir starfsbundnir þættir

Nánar um tímabundna starfsbundna þætti:

Til þess að fá tímabundna starfstengda þætti viðurkennda, þarf í samkomulaginu að koma fram í hverju verkefnið og/eða álagið felist, auk upphafstíma og loka þess ásamt fjölda launaflokka. Í starfsmannasamtali skal skoða þá tímabundnu samninga sem gerðir hafa verið undanfarin tvö ár og meta hvort þeir þættir sem þar eru metnir eigi að verða varanlegir. Miða skal við að þættir sem hafa verið viðvarandi í tvö ár eða lengur verði hluti af föstum kjörum.

**3.6. Röðun nýráðinna stjórnenda og sérfræðinga**

Endurmeta skal röðun nýráðinna fastra starfsmanna innan 3 mánaða frá því viðkomandi hóf störf.

### *3.7 Afkastahvetjandi þættir*

Það er sameiginlegt hagsmunamál VÍ og FÍN að hvetja náttúrufræðinga til góðra verka.

Náttúrufræðingur sem lokið hefur umfangsmiklu eða athyglisverðu verkefni/verkhluta/grein eða öðru ritverki á starfssviði sínu getur sótt um bóknun.

Veðurstofan leggur fram allt að 2 milljónir kr. til bóknunargreiðslna á ári og tekur upphæðin breytingum í samræmi við vísitölu lífeyrisskuldbindinga fyrir opinbera starfsmenn í maí ár hvert.

Matsnefnd:

Matsnefnd skipa þrír fulltrúar, einn tilnefndur af Veðurstofu Íslands, einn tilnefndur af náttúrufræðingum og oddamaður tilnefndur samkvæmt samkomulagi nefndra aðila. Heimilt er að skipa fleiri en eina matsnefnd ef þörf krefur eða kalla til sérfræðinga eftir efni umsókna. Í matsreglum skal koma fram hvernig umbunað er fyrir greinaskrif og önnur verkefni og gæta þess að sem flestir hafi tækifæri til að fá bóknun.

Náttúrufræðingur skal leggja fram skriflega umsókn um bóknunina, á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem matsnefnd útbýr. Hann þarf að hafa starfað á Veðurstofu Íslands í a.m.k. 12 mánuði á síðustu tveimur árum. Verkefni/verkhluti/grein kemur aðeins til árita ef þau hafa verið unnin á síðustu tveimur árum fyrir umsókn.

Umsóknir skulu hafa borist Veðurstofunni fyrir 1. maí ár hvert. Ekki er hægt að sækja nema einu sinni um bóknun vegna hvers verkefnis/verkhluta/greinar.

## **4. Ýmis ákvæði**

### *4.1. Starfsmannasamtal*

Regluleg og kerfisbundin starfsmannasamtöl starfsmanns og næsta yfirmanns skulu fara fram a.m.k. einu sinni á ári. Leitast skal við að þeim verði lokið fyrir septemberlok ár hvert. Í þeim samtölum er fyrst og fremst rætt um starf og starfsþróun, frammistöðu og hæfni starfsmanna, afköst og vinnuaðstöðu, líðan í starfi o.fl., sbr. verklag stofnunarinnar þar um. Starfslýsingar skulu tekna til athugunar í starfsmannasamtali.

### *4.2. Endurmat á starfskjörum*

Endurmat á störfum og starfskjörum (launaviðtal) skal fara fram með yfirmanni eða mannaðssstjóra þegar tilefni er til, þó a.m.k. einu sinni á ári fyrir 1. október og hverjum starfsmanni tilkynnt um breytingar á röðun sinni innan mánaðar frá breytingu eða fyrir 1. nóvember ár hvert.

### *4.3. Vinnutími í vaktavinnu*

Vikulegur vinnutími í vaktavinnu skal vera 38 stundir miðað við fulla vinnu í samræmi við grein 2.6.9 í kjarasamningi ríkisins og FÍN, sem tók gildi 1. júlí 2001. Þetta skal gilda út samningstímum nema um annað semjist í miðlægum samningum fyrir lok samningstímans.



#### *4.4 Bakvaktaálag*

Bakvaktaálag skal vera sem segir í grein 1.6.2 í kjarasamningi. Vegna þess aukaálags sem fylgir tímabilinu kl. 00-08, þriðjudaga til föstudaga, verða greiddar álagsgreiðslur sem nema 11,67% umfram þau 33,33%, alls 45% bakvaktaálag.

#### *4.5 Starfslýsingar*

Samræmdar starfslýsingar skulu liggja fyrir um öll störf félagsmanna FÍN á Veðurstofu Íslands eigi síðar en 30. apríl 2010.

#### *4.6 Hlíðarfatnaður og áhöld*

Stofnunin sér starfsmönnum fyrir nauðsynlegum hlíðarfatnaði og áhöldum við vinnu þeirra og endurnýjar eftir eðlilegt slit eða óhöpp. Hlíðarfatnaður og áhöld falli að þörfum hvers starfs. Stofnunin getur farið fram á að hlíðarfatnaður og áhöld séu merkt stofnuninni. Næsti yfirmaður sér um framkvæmd þessa ákvæðis.

#### *4.7 Ferðir erlendis*

Reglur sem gilda um utanlandsferðir er að finna í fylgiskjali 2.

#### *4.8 Ferðir milli starfsstöðva*

Veðurstofa Íslands greiðir þann kostnað sem til fellur vegna ferða milli starfsstöðva vegna vinnu starfsmanns.

### **5. Framkvæmd samnings**

Veðurstofa Íslands skal árlega gera grein fyrir launaákvörðun hvers og eins. Það felst í því að veita samstarfsnefnd upplýsingar um dreifingu á einstökum yfirþáttum, sbr. grein 3 sem ræður röðun starfsmanna.

Veðurstofa Íslands afhendir 1. nóvember ár hvert hverjum og einum starfsmanni skriflegar upplýsingar um sundurliðaða launaákvörðun (yfir- og undirþættir). Þegar breytingar eru gerðar á launaákvörðun getur starfsmaður óskað eftir rökstuðningi ásamt samanburði við meðaltöl og tíðnidreifingu.

### **6. Endurskoðunarákvæði**

Stofnanasamningur þessi skal endurskoðaður innan árs frá undirritun og síðan eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

### **7. Réttur til endurmats**

Telji starfsmaður að honum hafi ekki verið rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar, skv. 11. grein kjarasamnings.

## 8. Gildistaka

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2009.

Reykjavík, 30. desember 2009

f.h. Veðurstofu Íslands

Ívar Þorfinnsson  
Björn E. Ásgeirsson  
Hafsteinn Karlsson

f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Pál Hallgrímsson  
Guðrún Ólafsdóttir  
Kári Þórhilmarsson  
Hjörleifur Sveinbjörnsson  
Egill Ólafsson

## Bókanir

### 1. bókun: Um meðferð eldri prófskírteina frá Norðurlöndunum

Þeir sem hafa fengið menntun sína metna skulu njóta þess mats áfram.

### 2. bókun: Um meðferð ágreinings

Komi upp óleysanlegur ágreiningur á milli stofnunarinnar og stéttarfélagsins skal samningnum vísað til sáttanefndar eða samstarfsnefndar skv. aðalkjarasamningi viðkomandi stéttarfélags.

### 3. bókun: Um kynningu stofnanasamnings

Aðilar eru sammála um að nýjum starfsmönnum verði kynnt ákvæði stofnanasamnings þessa svo og þeir upplýstir um rétt sinn til að leita til trúnaðarmanna FÍN á stofnuninni.

### 4. bókun: Um framkvæmd samnings

Við gildistöku stofnanasamnings 1. janúar 2009 liggur fyrir röðun starfsmanna í launaflokka við yfirfærslu í nýja stofnun og 1. september 2010 liggur fyrir í samstarfsnefnd röðun samkvæmt stofnanasamningnum, sbr. grein 5.

Tryggt skal að enginn lækki í launum miðað við fullt starf og óbreytt verksvið eða starfslýsingu. Frá gildistöku samningsins skulu samningar milli starfsmanna og VÍ sem kunna að hafa verið gerðir á tímabilinu 1. janúar 2009 til 1. maí 2010 halda gildi sínu. Laun starfsmanna geta fyrst tekið breytingum eftir 1. maí 2010 í kjölfar starfsmannasamtals og endurmats á röðun og taka þá mið af starfslýsingu viðkomandi starfsmanns. Þetta á þó ekki við um þau störf sem lögð voru niður vegna sameiningar Vatnamælinga og Veðurstofu Íslands.

### 5. bókun: Um nema

Gert er ráð fyrir að þessi flokkur sé nýttur fyrir nema sem eru í BS-námi eða nema sem koma inn á stofnunina og eru með styrki frá utanaðkomandi aðila. Ekki er heimilt að nota þessa grein ef starfsmaður sinnir áfram sínum reglubundnum störfum samhliða námi. Fari starfsmaður í nám, en sinni sínu starfi að hluta, skal gera um það sérstakt samkomulag.

### 6. bókun: Um viðmiðunarreglur

Matsnefnd setur viðmiðunarreglur fyrir mat á verkefnum/verkhlutum/greinaskrifum sem lagðar skulu fram í samstarfsnefnd FÍN og VÍ eigi síðar en 2 mánuðum eftir að samningur hefur verið undirritaður. Matsnefnd metur verkefni til stiga, en í samstarfsnefnd FÍN og VÍ er ákveðið hvernig stig eru metin til greiðslna.



## Fylgiskjal 1 - Störf sérfræðinga í veðurþjónustu á Eftirlits- og spásviði Veðurstofu Íslands

Störf sérfræðinga í veðurþjónustu á Eftirlits- og spásviði Veðurstofunnar eru annað hvort unnin í reglubundinni vaktavinnu sem fram fer allan sólarhringinn eða í hefðbundinni dagvinnu.

Alla daga ársins sinnir a.m.k. einn sérfræðingur (24/7-starfsemi) öryggisvöktun vegna veðurs og annarra þátta sem skilgreindir eru á verksviði hans.

Það er sameiginlegt hagsmunamál Veðurstofunnar og sérfræðinga í vaktavinnu að sköpuð séu skilyrði til að þeir geti haldið sérþekkingu sinni við. Til að gera það mögulegt verður sérfræðingum gefinn kostur á að starfa tiltekinn tíma á dagvinnutíma til þess að sinna starfsþróun, starfsþjálfun og þróun/rannsóknum. Á þessum tímabilum heldur sérfræðingur óbreyttri vinnuskyldu enda tekur viðkomandi laun sem vaktavinnumaður.

Um skiptingu vinnutímabila í vaktavinnu og dagvinnu skal leita samráðs við sérfræðinga í veðurþjónustu. Miðað er við að sérfræðingur í 100% vaktavinnu eigi kost á að vera utan vaktþjónustu ekki minna en þrjá mánuði samfellt á hverju 18 mánaða tímabili sé því við komið. Er miðað við að slíkt gerist á vormisseri eða haustmisseri (janúar-apríl eða október-desember). Ákvörðun um slíkt skal tekin með a.m.k. 6 mánaða fyrirvara.

Sérfræðingar í vaktavinnu hafa forgang að tilfallandi aukavöktum. Gert ráð fyrir að sérfræðingar utan vakta taki ekki slíkar vaktir nema í algjörum undantekningartilvikum, en hins vegar taki þeir þátt í afleysingum þegar um er að ræða lengri veikindi og orlof sem skipulagt er áður en vaktaskrá er lögð fram.



## Fylgiskjal 2 – Ferðir erlendis

Gerður er munur á eðli utanlandsferða með tilliti til þess hvers konar ferð er um að ræða, tilefni hennar og aðdraganda.

Þegar ferðaheimild er veitt skal yfirmaður láta félagsmanni FÍN í té staðfestingu á því í hvaða flokk ferðin falli.

Náttúrufræðingur á alltaf kost á að njóta 11 klst. hvíldar strax að lokinni ferð án skerðingar á launum og orlofi, án tillits til eðlis eða tilefnis ferðarinnar.

### A-ferð

Ferð sem farin er vegna verkefnis þar sem öll vinna og ferðatími er greiddur af verkkaupa. Í slíkri ferð skal greidd yfirvinna bæði fyrir ferðatíma og vinnutíma umfram dagvinnu.

### B-ferð

Ferð sem farin er á vegum stofnunar vegna alþjóðlegrar samvinnu, á ráðstefnur eða vinnufundi í samvinnuverkefnum.

Ferðatíma skal miða við brottför frá heimili eða vinnustað þar til komið er á fundarstað eða að hótelri og öfugt á heimleið. Sé yfirvinna unnin í ferð skal starfsmaður eiga rétt á að taka hana út í fríi. Starfsmenn skulu enn fremur eiga rétt á að taka sér frí eftir að heim kemur vegna fundartíma eða ferðalaga á almennum eða sérstökum frídögum hér á landi.

Fríið getur aldrei verið lengra en fundar- eða ferðatímanum nemur, og að hámarki 8 klst. (einn vinnudagur) fyrir hvern fundar- eða ferðadag. Frí skal taka út eins fljótt og unnt er og eigi síðar en tveimur vikum frá heimkomu, nema sérstök atvik hamli.

### C-ferð

Ferð sem farin er að ósk starfsmanns, s.s. ráðstefnuferðir, námsferðir, kynnisferðir eða ferðir á sýningar.

Hér er hvorki greiddur ferðatími né skapa slíkar ferðir rétt til frítöku þótt ferðalag eða annar hluti ferðar falli á almennan eða sérstakan frídag.

